

Stig eða flokkur

Kerfi til staðfestingar á  
samræmiKerfi 4<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Kerfi 4: Sjá b-lið 2. tölul. í viðauka III, þriðja kost.

2. Skilyrði sem Staðlasamtök Evrópu (CEN) skulu nota þegar mælt er fyrir um kerfi til staðfestingar á samræmi.
- 2.1 Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að einnig sé unnt að nota hana, jafnvel þótt ekki þurfi að ákvarða nothæfi með tilliti til ákveðins eiginleika, hafi minnst eitt aðildarríki ekki sett nein lagaákvæði um viðkomandi eiginleika (þegar kröfuflokkar fyrir vörur eru skilgreindir, þá er skylt að hafa einn flokk „engin ákvæði um nothæfi“, ef eitt aðildarríki hefur engar kröfur á því sviði). Í slíkum tilvikum má ekki skuldbinda framleiðandann til að sannreyna þennan eiginleika óski hann ekki eftir því að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 27. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og með hliðsjón af ákvæði samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í XXI. kafla, II. viðauka, tilskipunar ráðsins 89/106/EBE, frá 21. desember 1988, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur, og tilskipunar ráðsins 93/68/EBE, frá 22. júlí 1993 um breytingar á tilskipun um byggingarvörur, með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 3. tölul. auglýsingar nr. 265/1995 frá 11. apríl 1995 um sameiginlegar verklagsreglur varðandi evrópskt tæknisamþykki.

*Viðskiptaráðuneytinu, 21. febrúar 1997.*

F. h. r.

**Halldór J. Kristjánsson.**


---

*Sveinn Þorgrímsson.*

18. febrúar 1997

Nr. 167

**AUGLÝSING**

**um afnám reglugerðar nr. 27/1983, um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa, með áorðnum breytingum.**

## 1. gr.

Reglugerð nr. 27/1983, um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa, með áorðnum breytingum, er hér með felld úr gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. febrúar 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**


---

*Davíð Á. Gunnarsson.*